



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. febrúar 2015

Efni: Umsögn um breytingatillögur við tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. mál

Samtök ferðapjónustunnar (samtökin) hafa fengið ofangreind mál til umsagnar og gera eftirfarandi athugasemdir:

Í umsögn samtakanna árið 2012, um drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landsvæða, var því fagnað að niðurstaða hefði náðst um flokkun virkjanakosta og lýstu þau einnig ánægju yfir faglegum vinnubrögðum sem viðhöfð höfðu verið við flokkunina þar sem greinilega hafði verið tekið tillit til þátta er snerta nýtingu á landsvæðum og náttúruvernd. Þó gagnrýndu samtökin harðlega að virkjanakostir við Skrokköldu og Hágönguvirkjanir væru í nýtingaflokki enda í jaðri Vatnajökulsþjóðgarðs og á svæði þar sem ferðamenn upplifa víðerni hvað best hér á landi.

Þingsályktunartillagan var síðan samþykkt á alþingi í janúar 2013 og var þar m.a. tekið tillit til athugasemda SAF um Skrokköldu og Hágönguvirkjanir.

Samtökin telja mjög ámælisvert og lýsa sig algerlega mótfallin að kostir sem áður hafa verið samþykktir, með þingsályktunartillögu, í biðflokk skv. lögum nr. 48/2011 um orkunýtingaráætlun, séu dregnir fram í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu af atvinnuveganefnd. Er það mat samtakanna að þessi aðför rýri trúverðuleika atvinnuveganefndar og þess ferlis sem Rammaáætlun byggir á.

Samtökin leggja til að virkjanakostirnir sem bætt hefur verið við þingsályktunartillöguna verði áfram í biðflokki og á þeim gerðar viðeigandi rannsóknir í þriðja áfanga Rammaáætlunar sem nú stendur yfir.

Það er skoðun SAF að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari grunni en gert hefur verið hingað til og stefna þannig að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtíamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson

Afrit sendist á umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis